



Grænfánafundur Árskógarskóla mánudaginn 5. september 2016 haldinn á gæðastund þar sem allur skólinn kom saman.

Á fundinum var rætt um þau góðu skref sem skólinn hefur tekið á undanförunum árum í umhverfismálum sem hafa skilað okkur Grænfána síðast vorið 2016. Nú er búið að breyta umhverfisgátlistum Landverndar til einföldunar svo nemendur verði enn virkari í að meta vinnu tengda Grænfána, þemun hafa verið uppfærð og gerð aðgengilegri ásamt verkfærum til markmiðssetningar. Á fundinum var farið yfir **þemun** og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að í vetur a.m.k. verði unnið með **Lýðheilsu**. Hér er að finna skilgreiningu á þemanu:

Lýðheilsa: *Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni? Hvaða áhrif hefur lífstíll okkar á umhverfið?*

Í kjölfarið var ákveðið að leggjast yfir þemað og vinna út frá því nánari markmið samkvæmt nýju formi sem má lesa um og skoða á heimasíðu **Landverndar hér**. Einnig fórum við saman yfir hvernig mati á lýðheilsu er háttað og að best væri að byrja á því að meta stöðuna í dag og setja svo markmið og meta þau samkvæmt tímaáætlun sem sett verður.

Hér er að finna umhverfismat tengt lýðheilsu.

Að lokum horfðum við saman á fræðslumynd *Græn orka*.

Fundargerð ritaði Gunnþór skólastjóri